

Sjúkl- ingur

skemmtir sér

FYRIR skemmstu héldu hjónin Audrey Hepburn og Mel Ferrer dýrlega veizlu skammt fyrir utan Las Vegas og buðu þangað 48 gestum, meðal þeirra voru Oscarsverðlauna hafinn Liz Taylor og maður hennar Eddie Fisher, Natalie Wood, Robert Wagner, hjónin Janet Leigh og Tony Curtis, tízkukóngurinn Dr. Rex Kennamer, sem reyndist Liz hin bezta stoð í veikindum hennar og hughreysti Gary Cooper hvað mest í dauðastríði hans.

Gestirnir skemmtu sér hið bezta, sérilagi Liz. Er þetta í fyrsta sinn sem hún fer út að skemmta sér eftir hina lífs hættulegu lungnabólgu, sem hún fékk fyrir „skemmstu“. Liz hafði farið til Las Vegas til að hitta eiginmann sinn, sem þar söng í gestaleik og í Las Vegas heilsaði hún upp á Audrey Hepburn. Gleði Audrey yfir að hitta vinkonu sína var svo mikil, að hún sendi sérstaka flugvél til Los Angeles til að sækja yfir 40 sameiginlega kunningja þeira.

Liz vakti tvöfalda athygli; í fyrsta lagi fyrir örin eftir loftröin, sem enn voru á hálsi hennar, og í öðru lagi fyrir



það hve kjóll hennar var fleginn að framan, en hálsmálið var V-lagað og náði niður fyrir brjóst.

Myndin sýnir, þegar Liz og Mel, Eddie og Audrey dansa

á hinu spegillfagra parketgólfi veizlusalarsins. Audrey dansar á sokkaleistunum, og segir sagan að margir gestanna hafi farið að dæmi hennar, þegar þeir tóku að þreytast í fótunum.

— Ölið

Framh. af bls. 15.

Árið 1953 var norræna bindindisþingið háð í Reykjavík. Meðal hinna erlendu gesta var háaldraður öldungur frá Danmörku, sem kalla mætti aldursforseta bindindismanna á Norðurlöndum, virtur af þeim öllum fyrir þróðmennsku og dugnað. Adolph Hansen heitir hann. Um langt skeið var hann framkvæmdastjóri landssambands bindindismanna í Danmörku. Á þinginu flutti hann markvert erindi um ölið. Þar segir hann m. a. orða þetta:

„Þegar við ræðum við fólk í hinum 28 drykkjumanna-hjálparstofnunum viðs vegar í landinu, og spyrjum um orsök ógæfunnar, er svarið oftast nær: ölið. „bajeren“, sterka ölið. Það er ekki óalgengt að menn drekki á launadaginn 25—30 eða 40 bajara Mjög, mjög oft er það ölið, sem er slysavaldurinn,“ og svo tekur fyrirlesarinn nokkur orð úr einu dagblaða Kaupmannahafnar. Þau eru þessi: „Maður drekkur öl — allt of mikið öl. — Hann setur upp í bíl sinn, ekur á tvo unga menn og limlestir þá. Heldur áfram, ekur aftur á tvo og drepur þá 19 ára stúlku. Maðurinn er tekinn, fær sinn dóm, fjögurra mánaða fangelsi og missir öku leyfið. Það er allt og sumt. Málið er til lykta leitt.“ „Slíkir viðburðir, næstum daglega,“ segir svo fyrirlesarinn, „knýr menn til að hugleiða ölið og bindindisástand þjóðarinnar.“ Niðurlagsorð hans eru svo þessi:

„Það er sterka ölið, sem brýtur niður bindindi. em þjóðrinnar. Þess vegna verður að beita öllum heiðarlegum vörnum gegn því.“

Þetta stangast allverulega á við spjall Borgara, en það endar hann á eftirfarandi furðulegum setningum:

„Þá má benda á skýrslu læknaanna við Karolinska Institutet (ein frægasta vísindastofnun heims og Nóbelsverðlaunaveitandi) um öl, áhrif þess og reynslu undanfarinna ára af sölu þess í Svíþjóð. Útdráttur úr

skýrslu þessari birtist í Mbl. fyrir stuttu, og er þar mælt sterklega með ölinu.“

Naumast mun vera unnt að snúa sannleikanum betur við en hér er gert. Frægð sína um öll lönd nú síðustu áratuginna á Karolinska Institutet fyrst og fremst að þakka einum manni. Hann heitir Leonard Goldberg og er prófessor í áfengisrannsóknunum og fræðum, og veitir forstöðu öllu slíku starfi þessarar stofnunar. Hann er eini prófessorinn í þessari grein í Evrópu, ef ekki í öllum heiminum. Þenna mann þekkjum við bindindismenn vel og vitum hvaða álit hann hefur á öli og öðrum áfengum drykkjum. Hann var einn í hinna stjórnskipuðu nefnd frá árinu 1944, sem starfaði í 11 ár við rannsóknir áfengismálanna í Svíþjóð. Þá ritaði prófessor Goldberg allmikið rit, vísindarit um rannsóknir á ýmsum öltegundum til sönnunar því hve skaðlegt ölið er. Þessi maður er einmitt frægur um öll lönd fyrir vísindarannsóknir sínar varðandi áfengi, og hann hefur manna bezta sannað, hve skaðlegt áfengi er, jafnvel hinar minnstu skammtar. Með margendurteknunum og nákvæmum rannsóknunum hefur prófessorinn sannað þetta vísindalega, en þetta gátu svo sem allir menn vitað áður, af reynslu kynslóðanna. Svo setlar Borgari að telja okkur trú um að þessi stofnun hveji til öldrykkju. Fyrr má nú vera.

Sviar hafa í lengstu lög reynt að verjast sterka ölinu, og öldrykkjan í Svíþjóð hefur verið og er litil. Hlutföllin eru þar gersamlega öflug við það sem þau eru í Danmörku.

Hér settu nú fleiri orð rétt á sér, en þetta er þegar orðin allmikil raun fyrir gestrisni blaðsins. Lokaorð mín skulu svo vera þessi: Það er hvorki af neinni „hjátrú“ né þvermóðsku, að við bindindismenn á Íslandi erum á móti allri aukningu á sölu áfengra drykkja. Við byggjum á átakanlegri reynslu þjóðanna. Við viljum enga viðbót, en burt með það sem fyrir er.

Pétur Sigurðsson.

400 tn. á laugardag, 600 í gær

SANDGERÐI, 12. júní. — Á laugardaginn kom Viðir II með 400 tonn, sem fór að mestu í frystingu og í morgun var hann aftur kominn með um 600 tonn, sem einnig fara í frystingu.

Bræðslurnar í Njarðvíkum og Keflavík hafa verið bilaðar undanfarna daga og ekki getað tekið við síld. Veldur það skiljanlega erfiðleikum. — P.

— Launamál

Framh. af bls. 6.

Fjölmennuð og dugmikil kennarastétt hættir að vera til, séu kjörin auðmýkjandi og hrakleg til lengdar.

Þess vegna varar uppeldismálaþingið við afleiðingum þess að ekkert sé gert til að bæta launa- og starfskjör kennara. Það telur algerlega óviðunandi og mótmælir harðlega, að reynt sé að leysa vandann með því að ráða til starfa réttindalauslausa menn, enda þarf þegar mikið átak til að vinna bug á þeirri öflugþróun, sem ríkt hefur að þessu leyti um skeið. Skjótra aðgerða er þörf.

★

Þingið ítrekar stuðning kennarastéttarinnar við launa- og kjarakröfur þær, sem samþykktar hafa verið á síðustu þingum SÍB og LSFK.

Enn fremur tekur þingið eindregið undir þær launa- og kjarakröfur, sem stjórn BSRB setti fram í bréfi til ríkisstjórnarinnar 15. febr. sl.

Jafnframt fól þingið stjórnunum beggja sambandanna að vinna sameiginlega að ýmsum leiðréttingum og samræmingu á launakjörum kennara. Að lokum segir í ályktuninni:

Fáist engar viðunandi úrbætur á launakjörum kennara fyrir næsta skólaár, felur þingið stjórnun sambandanna að kanna til hvaða ráða skuli gripið.

Ingibjörg Jónsdóttir

ÞEGAR ég kom heim í gær eftir nokkurra daga fjarveru varð mér fyrst á að líta í blöðin, og rakst ég þá á jarðarfartilkynningu frá Andrési frænda mínum á Siglufirði þar sem hann tilkynnir jarðarför konu sinnar laugardaginn 3. júní — Þetta hafði allt farið framhjá mér á ferðalaginu. Það var þá svona komið, Bogga Andrésar, en þannig var mér tamast að nefna hana var látin og jarðarförin hafði farið fram, án þess ég yrði þess vör. Mér hnykkti við, og féll illa að hafa ekki getað sent kveðju til Siglufjarðar í þakkarskyni fyrir svo margt gott frá fyrri árum. —

Fjöldi góðra minninga þyrluðust upp í huga mínum, því fátt þótti skemmtilegra í æsku minni en fá að fara til Siglufjarðar og heimsækja þar frændfólk mitt í Hafliðahúsi. — Húsfreyjan þar Sigríður Pálsdóttir var náskyld móður minni, þær voru systkina dætur og ávalt góð frændsemi með þeim. Ég man þegar ég kom þangað í fyrsta sinn að sumri til, hvað ég varð hrifin. Ég var von margmenni að heiman, svo það var ekkert nýtt að sjá margt fólk, en barna kom eitthvað allveg nýtt til sögunnar. Á heimili Hafliða og Sigríðar var folkið ávalt að koma og fara, fyrst og fremst Siglufirðingar, sem áttu erindi við húsbóndann, því hann var hreppstjóri þeirra og yfirvald í mörg ár. Til hans var leit að seint og snemma og komu mér á óvart, sveitabarninu, að hvíldartími hreppstjórans var ekki virtur mikils, til hans var komið nótt sem nýtan dag, ef vanda bar að höndum í kaupstaðnum, fullyrt var að hann gæti stíllt til friðar og samið við alla, innlenda sem erlenda, og aldrei sást honum bregða. —

Þá voru líka margir sem sóttu á fund húsfreyjunnar, hún var mikill búforkur og allt lék í höndum hennar, sagt var, að á fyrstu árum hennar á Siglufirði, hefði hún saumað á alla Siglufirðinga bæði lífs og liðna. Ég tók fljótt eftir því, að til hennar leitaði fólk bæði í sorg og gleði, en Sigríður var glaðlynd kona og kjarleg, en hún fann líka til með þeim, sem voru minni máttar og gaf ríkulega. Ég hygg enginn hafi farið bönleður frá hennar búð.

Mest blískraði mér þó gestagangurinn, heimilið var eins og gistihús, sem stóð öllum opið

Unnið við skógrækt

VALDASTÖÐUM, 11. júní. — Tvo sl. daga var unnið við niðurstætingu á trjáplöntum aðallega á 4 stöðum, Vindásliði, Grjóteyri, á mörkum Neðra-Háls og Valdastaða, og við barnaskólann að Ásgarði og unnu nemendur skólans aðallega að því, undir leiðsögn Odds Andréssonar skólaneftdarformanns. Einnig verður sett niður í skógarreit, sem tilheyrir Reynivallakirkju. Auk þess er gróðursett á nokkrum bæjum í sveitinni.

Alls hafa verið settar niður þessa daga um 500 plöntur. Er þessi starfsemi á vegum skógræktarfélagins hér í sveitinni, en að því standa nokkur félög innan sveitarinnar, og auk þess Áttahagafélag Kjósverja í Reykjavík, sem unnið hefir að skógrækt hér í nokkur undanfarin ár.

Hefir skógræktarfélagið gefið hverjum ábúenda í sveitinni kost á 25 plöntum ókeypis til gróðursetningar heima hjá sér. Hafa nokkrir notfært sér það. Var öllum þátttakendum boðið á myndasýningu á eftir að Ásgarði. Var vel mætt við gróðursetninguna. Foramður félagsins er nú Ólafur á Valdastöðum. — St. G.

kunnugum sem ókunnugum, gestunum var tekið opnum örmum og veitt af mikilli rausn. Þarna komu auk innlendra „Norsarar“, „Svenskarar“ og allskyns útlendingar, svo margskyns tungur voru talaðar í einu í því húsi. — En einn reginmunur var á þessum gististað og hinum gistihúsum, að aldrei var þar seldur greiði. Þarna var hin íslenska gestrisni í algleymingi. Þegar við mamma snérum heim frá þessari fyrstu ferð minni til Siglufjarðar, fannst mér ég hafa lent í stórkostlegu ævintýri. En þetta sumar var Ingibjörg nýkomin til Siglufjarðar og var önnur hönd Sigríðar við búverk in. Það leyndi sér ekki að þau Andrés, yngsti sonur Hafliða, litu hvort annað héru auga, enda fór það svo að þau giftust skömmu síðar og lifðu í farsælu hjónabandi hátt á fimmta áratug.

Ingibjörg var Akureyringur fædd þar 12. nóv 1890. Foreldrar hennar voru Jón Jónsson sem lengi var utanbúarmaður hjá Höepfnersverzlun og Jóhanna Gísladóttir kona hans. Áttu þau þeim uppi í „Gili“. Haft var orð á því að fallagustu stúlkurnar á Akureyri væru úr Gilinu. Ingibjörg var frið kona og framúrskarandi góðmannleg, enda bland aðist engum hugur um það, að þar sem hún fór var góð kona á ferð. — meðan hún dvaldi á heimili tengdaforeldra sinna bærði hún margt, sem kom henni að notum síðar í lífinu. — Eftir að þau fóru að búa Ingibjörg og Andrés hefur heimili þeirra hjóna borið svipmót bernsku og æskuheimili Andrésar, þar hefur öllum verið tekið af alúð og gestrisni. Hjónabandi þeirra hefur ætíð verið viðbrugðið, þegar minnst er á farsæl hjónabönd, og finn ég sárt til með frænda mínum að hafa nú misst þennan góða vin og fórunaut. —

Ingibjörg var vel gefin kona í þess orðs beztu merkingu. Hún mátti ekkert aumt sjá án þess að rétta hjálparhönd, þær eru áreiðanlega ótaldir gjafirnar, sem hún veitti sínum samborgurum, enda hugði hún aldrei til endurgjalds. — Mörgum mannum hefði eflaust þótt nóg um, en Andrés var henni samhentur í einu og öllu, greiðvirkinn var honum eins í blóð borin. Þau hjónin eignuðust fjögur börn og eru þrjú þeirra á lífi: Hafliði, skrifstofustjóri í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík, kvæntur Guðrúnu Eiríksdóttur frá Hafnarfirði, Jóhanna húsfreyja í Hafnarfirði gift Vigfúsi Sigurjónssyni skipstjóra og Hinrik verzlunarmaður á Siglufirði, giftur Margréti Pétarsdóttur frá Reykjavík. — Elzta barn sitt, litla stúlku mistu þau nýfædda. — Ingibjörg var börnum sínum ástrik móðir og sjálf-sagt gætu þau tekið undir þessar ljóðlínur:

„Mér kenndi móðir að muna það tvennt: að vera veikum bróðir og velja æstu mennt.“ —

Og mér er sem ég sjái hana í hópi barna-barnanna, hvernig hún hefur breitt sig yfir banaþópinu og veitt á báða bóga af örlæti hjarta síns. —

Öllum ástvinum Ingibjargar sendi ég innilega samúðarkveðju. Mér er fyllilega ljóst, að þungur harmur er að þeim kveðinn. Ég get naumast hugsað mér Andrés án Ingibjargar. En Guð gefur mönnum oft furðulegan þrótt til að bera missi þeirra, sem þeir unna mest. Það er sem menn breytist í hetjur, þá öll sundvirðist lokast og menn eiga ekki annan kost, en berjast við hina bitru harma. — Í Guðs friði Bogga mín og hjartans þakkir fyrir allt gott. —

Blönduósi 5. júní 1961.

H. A. S.